

o. s. frv., og á hinn bóginn er eigi ástæða til þess, að leggja þessa sekt á tjeða dómendur ex officio.

Það þykir rjett, að áfrýjandi fái hæfilegt málskostnaðarendurgjald, er ákveðst 30 kr., og greiðist af landamerkjadómendunum in solidum. Málskostnaðarkröfu hins stefnda, kaupmanns Thomsens, virðist eigi ástæða til að taka til greina.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði merkjadómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim aptur til dómsáleggingar í aðal-efninu. Undirdómarinn, Franz sýslumaður Siensen, og meðdómsmenn, bændurnir Gísli Gíslason, Halldór Jónsson, Þórður Runólfsson og Þórður Guðmundsson, greiði áfrýjanda, bæjarstjórn Reykjavíkur, 30 krónur upp í málskostnað innan 8 vikna frá lög-
birting dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 28. septembermánaðar.

Nr. 13/1891:

Gísli Gíslason

gegn

sóknarnefndinni í Mosfellssveit.

(Lágafellssókn).

Dómur:

Fyrir fám árum síðan var byggð ný kirkja á Lágafelli, sem hlutadeigandi söfnuður tók að sjer umráðin yfir, og var síðan afráðið að gjöra þar einnig grafreit. Sóknarnefndin fjekk því útvísun hjá eiganda Lágafells fyrir kirkjugarðsstæði, en útvísunin var bundin því

skilyrði, að kirkjugarðurinn yrði eigi gjörður úr torfi, og ljet síðan sóknarnefndin setja trjágröngu (langbönd), um reitinn og jafnaði kostnaðinum niður á búendur í sókninni. Áfrýjandinn, Gísli bóndi Gíslason í Leirvogstungu, skoraðist undan að greiða gjald það, er á hann var jafnað samkvæmt þessu, 4 kr. og 50 a., og skipaði þá hlutaðeigandi sýslumaður lögtak á því eptir beiðni sóknarnefndarinnar og á ábyrgð hennar, með tilvitnun til laga nr. 29, 16. des. 1885, 1. gr., 5. lið. Hreppstjórinn, sem lögtakið átti að framkvæma, hvarf þó frá því sakir mótmæla áfrýjandans, en þá úrskurðaði fótgetinn með úrskurði þeim, er nú er áfrýjað, 23. apríl þ. á., að mótmæli áfrýjanda skyldu eigi til greina tekin og lögtaksgjörðinni hjá honum framhaldið, og tók síðan hreppstjórinn 27. s. m. lögtaki hjá áfrýjandanum upp í gjaldið og kostnað af lögtakinu hárreipi á 10 hesta, sem virt voru á 12 kr. 50 a.

Áfrýjandinn hefur krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að fyrnefndur úrskurður verði með öllu ómerkur dæmdur og úr gildi felldur og sòmuleiðis lögtaksgjörð sú, er fram fór samkvæmt honum, og að hin stefnda sóknarnefnd verði dæmd til að greiða sjer allan málskostnað með 60 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati dómsins. Af hálfu hinnar stefndu sóknarnefndar, sem hefur fengið gjafvörn hjer fyrir rjettinum og skipaðan talsmann, hefur þess aptur á móti verið krafizt, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað að skaðlausu, eins og það væri ekki gjafvarnarmál, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns stefnda fyrir yfirdóminum.

Áfrýjandinn hefur byggt mótmæli sín gegn lögmæti

lögtaðsins á því, að sóknarbændur sjeu að lögum eigi skyldir til að greiða peningagjald til kirkjugarðsbyggingar, að þó að álitid yrði, að sóknarbændur ættu að kosta girðingu um kirkjugarð, úr hverju efni sem hún gjörð væri, þá gæti ekki sóknarnefndin að fornspurðum sóknarbændum ályktað, að girðingin skyldi vera úr trjávið, að sóknarnefndin hafi enga heimild haft til að jafna slíku gjaldi á sóknarmenn án leyfis þeirra, að því er reglur fyrir niðurjöfnuninni snertir, og að niðurjöfnun sú, sem hjer átti sjer stað hefði átt að minnsta kosti að vera framlögð til sýnis sóknarmönnum á hæfilegum stað og tíma.

Í reglugjörð 17. júlí 1782, 15. gr., sem hin stefnda sóknarnefnd hefur skýrskotað til, er ákveðið, að sóknarbændur skuli skyldir að gjöra kirkjugarða og kirkjuveggi, en eins og sjálf greinin bendir til, sbr. einnig viðaukalog nr. 11, 12. maí 1882, er þar að eins átt við *vinnu*, er bændur sjeu skyldir til að inna af hendi, er byggður sje kirkjugarður eða kirkja. Það var því eigi heimild til þess, samkvæmt nefndri lagagrein — og um aðra lagaheimild getur eigi verið að ræða —, að jafna sjerstöku peningagjaldi á sóknarmenn til umræddrar kirkjugarðsgjörðar, og þar sem hjer ennfremur eigi lá fyrir nein vanræksla á framkvæmd niðurjafnaðrar lögskipaðrar *vinnu* af hendi áfrýjanda, eins og tilvitnunin í lögtaðskipuninni til laga 16. des. 1885, 1. gr. 5. lið, virðist gefa í skyn, þá var gjald það ólögmaett, er tekið var lögtaði hjá áfrýjandanum. Það ber því að fella hinn áfrýjaða fógetaúrskurð úr gildi ásamt lögtaðsgjörð þeirri, er hreppstjóri framkvæmdi samkvæmt honum 27. apríl þ. á.

Eptir þessum úrslitum málsins ber hinni stefndu sóknarnefnd samkvæmt kröfu áfrýjanda, sbr. 13. gr. laga 16. des. 1885, að greiða áfrýjandanum málskostnað með 30 krónum. Hinum skipaða talsmanni hinnar stefndu sóknarnefndar verða eigi dæmd nein málsfærslulaun.

Málsfærslan af hendi hins skipaða talsmanns hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fógætjarjettarúrskurður ásamt eptirfarandi lögtaksgjörð skal úr gildi felldur. Hin stefnda sóknarnefnd í Lágafellssókn greiði áfrýjanda, Gísla bónda Gíslasyni í Leirvogstungu sem málskostnað 30 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 15/1891:

Ingvar Ingvarsson

gegn

eiganda Keflavíkurlóðar,
frú Chr. Duus.

D ó m u r:

Mál þetta er höfðað í hjerði af eiganda lóðarinnar Keflavíkur gegn Ingvari Ingvarssyni, til þess að fá hann dæmdan til að láta af hendi lóðarspildu ásamt húsi og öðrum mannvirkjum á henni, og var það dæmt í aukarjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu 14. des. f. á. með þeim úrslitum, að Ingvar Ingvarsson var skyldaður til að flytja hús það, er hann á á Keflavíkur lóð, af lóð-